

## Nýútkomin lög.

Fjáraukalög fyrir 1878 og 1879, staðfest af konungi 21. september 1883, sbr.

A. 12. bls. 24—25.

Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879, staðfest af konungi 21. september 1883, sbr. A. 13. bls. 26—29.

Lög um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859 um að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, staðfest af konungi 21. september 1883, sbr. A. 14. bls. 30—31.

Lög um að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur, staðfest af konungi 21. september 1883, sbr. A. 15. bls. 32—33.

Lög um breyting á 1. grein, 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869, staðfest af konungi 21. september 1883, sbr. A. 16. bls. 34—35.

Lög um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum, staðfest af konungi 21. september 1883, sbr. A. 17. bls. 36—37.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um jafngildi spánskra og 102  
danskra skipamælingaskýrteina. — Aðalstjórn skattamála hefur 5. f. m. látið út 10. ágúst.  
ganga umburðarbrjef það, er hjer með fylgja nokkur exemplör af, til tollstaðanna í Dan-  
mörku, viðvíkjandi jafngildi spánskra og danskra skipamælingaskýrteina bæði í Danmörku  
og á Spáni, og skal jeg nú hjer með biðja yður, herra landshöfðingi, að gjöra skipamælinga-  
stofunum á Íslandi kunnugt innihald þess.

### Umburðarbrjef til tollstaðanna um skipamælingar.

Samkvæmt umburðarbrjefi frá hinni spánsku sjóliðsstjórn, útgefnu í Madrid 25. maí þ. á., eru dönsk skip undanþegin mælingu, þegar þau koma í höfn, hvort sem heldur er við Spán sjálfan og nærliggjandi eyjar eða við eignir Spánverja í öðrum álfum, og verður því brutto-tonsmál það tekið gilt, sem tilfært er á þjóðernis- og skrásetningar- skýrteinum þeirra. Síðan verður netto-tonsmálið ákveðið á þann hátt, að rúm þau, sem talin eru í hinni spánsku reglugjörð um skipamælingar frá 2. des. 1874 17. og 19. grein, eru dregin frá með takmörkunum þeim, er þar eru settar, þó svo, að við frádrátt þennan verður farið eptir tonsmáli því, sem í skýrteininu er ákveðið fyrir hvert einstakt rúm, og þannig komizt hjá kostnaði þeim og töfum, sem leiðir af eigin- legri mælingu.

Fyrir því skulu spánsk skip undanþegin mælingu o. s. frv. í öllum höfnum í konungsríkinu Danmörku með Færeyjum, á Íslandi og Vesturheimseyjum, og skal netto- tonsmál það (tonelaje neto), er tilfært er í mælingarbrjefum skipanna (certificados de arqueo) tekið gilt hjer, nema hlutaðeigandi skipstjórar eða móttökumenn (Konsignatairer)

27. d. okt. mán. 1883.

**102** kjósi heldur að ákveðið verði eptir dönskum skipamælingareglum hvað draga skuli frá  
10. ágúst. brutto-tonsmálinu fyrir íverustað handa skipverjum, fyrir skipstjórnarverkfæri, gufuspil og ljettavjalar. Þó skal við þennan frádrátt til að finna netto-tonsmálið, farið eptir því tonsmáli, sem tilfært er í skýrteininu fyrir hvert einstakt rúm, eða án þess eiginleg mæling fari fram með þeim kostnaði og töfum, er henni fylgja.

Að öðru leyti á yfir höfuð að fara eptir því, sem fyrir er sagt í umburðarbrjefinu nr. 15 um skipamælingar, sem dagsett er 1. ágúst 1878 IV D.

Um leið og það, sem að framan er skráð, tilkynnist hjermeð tollstöðunum til eptirbreytni, eru þeir beðnir að leiða athygli danskra skipstjóra að þessari nýbreytingu.

Aðalstjórn skattamála, Kaupmannahöfn 5. júlí 1883.

Lange.

A. Ipsen.

**103** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu prestmötugjalds-  
27. sept. ins af Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursjörðum. — Í tilefni af athugasemd hins umboðslega endurskoðanda við umboðsreikning Kirkjubæjarklausturs árið 1879, viðvíkjandi útreikningnum á prestmötugjaldinu af jörðum umboðsins, lagði hinn fyrverandi landshöfðingi yfir Íslandi það til við ráðgjafann, með brjefi 18. júlí f. á., að ákveðið yrði, að prestmötuna af Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursjörðum skyldi greiða að helmingi eptir smjörverði verðlagsskrárinnar, og að helmingi eptir meðalverði allra meðalverða verðlagsskránni.

Ráðgjafinn verður þó að álíta ísjárvert að gjöra slíka ákvörðun; því að eins og álitsskjöl frá biskupi og prestinum að Kirkjubæjarklaustri, er fylgdu með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 7. f. m., bera með sjer, hefur þeirri aðalreglu verið fylgt um mörg undanfarin ár við greiðslu prestmötugjalds af Kirkjubæjarklaustri, þó að einstöku sinnum hafi verið vikið lítið eitt frá henni, að helmingur gjaldsins hefur verið greiddur í smjöri eða í peningum eptir smjörverði verðlagsskrárinnar, og tveir hlutar hins helmingins í peningum eptir meðalverði á ull, smjöri og tólg, en einn hlutinn í landaurum, eptir meðalverði á hinum sömu aurum; og hinn sami gjaldmáti virðist einnig að hafa tíðkast að því er snertir Þykkvabæjarklaustursjarðir.

En með því að ráðgjafinn álitur æskilegt, að til sje í þessu efni föst og sameiginleg regla, skal svo fyrirskipað samkvæmt framansögðu, að ofan nefnt prestmötugjald skal framvegis greitt á þann hátt, er að ofan er um getið, að venja hafi verið til.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**104** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að lærisveinar læknaskólans skuli hafa verklegar æfingar í meðalatilbúningi. — Eptir uppástungu landlæknisins yfir Íslandi hefur hinn fyrverandi landshöfðingi, í brjefi frá 11. apríl þ. á., lagt það til, að lærisveinum á læknaskólanum yrði gjört að skyldu að hafa verklegar æfingar nokkrar stundir í viku hverri síðasta námsár sitt í því að búa til meðöl hjá lyfsalanum í Reykjavík, sem hefur tjáð sig fúsan til að veita þeim ókeyypis þá leiðbeiningu, er þörf er á.

Í tilefni af þessu skal ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að ráðgjafinn fellst á ofangreinda tillögu landshöfðingja, en væntir þess þó, að kennslugrein sú, sem hjer ræðir um, eigi verði látin hafa nein áhrif á einkunn þá, er læknaefnin hljóta við burtfararprófið frá skólanum.